

**GSÍ/PGA dagar**  
**12-14 ára**



Rögnvaldur Magnússon

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
<i>Framkvæmd</i> .....	4
Golfklúbbar á Íslandi .....	4
Dagskrá .....	5
Kostnaðaráætlun .....	7
Lokaorð .....	8
Heimildaskrá .....	9
Greining - sveifla .....	10
Greining - pútt.....	11
Greining - vipp .....	12
Unglingagolf GSÍ og PGA.....	13

Golf er vaxandi íþrótt sem allir hafa möguleika á að tileinka sér. Börn og unglingar eru þar engin undantekning. Vel skipulögð og markviss þjálfun getur skapað þeim sem stunda íþróttina af áhuga aðstæður til þess að verða afreksfólk í framtíðinni. Íþróttasamband Íslands gaf út árið 1996 stefnuyfirlýsingu hvað varðar þjálfun barna og unglunga. Þar var meðal annars lögð áhersla á að öllum börnum og unglingum yrðu skapaðar aðstæður til íþróttaiðkunar hvort sem það væri með keppni og afrek í huga, til skemmtunar eða til heilsubótar.<sup>1</sup>

Börn og unglingar sem kjósa sér golfíþróttina til iðkunar í litlum klúbbsi á landsbyggðinni búa oft ekki við sömu aðstæður og eru til staðar í stærri klúbbum á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru möguleikar á þjálfara oft ekki til staðar sem veldur þá kunnáttuleysi við æfingar. Æfingaaðstaða er oft ekki nægilega góð og allt dregur þetta úr möguleikum á því að koma sér á framfæri á landsvísu.

Hingað til hafa ekki verið til upplýsingar um hvaða lágmarkskröfur þyrfti að uppfylla til þess að komast á landsliðsæfingar eða taka þátt í slíkum verkefnum. Miðað hefur verið við stigamót unglunga sem eru í flestum tilfellum haldin á Höfuðborgarsvæðinu. Til eflingar golfíþróttarinnar á landsvísu væri skemmtilegur möguleiki að búa til vettfang fyrir krakka utan að landi til að láta taka eftir sér. Hugmyndin er í megin dráttum að einn unglingur úr hverjum klúbbsi (12 - 13 ára) verði valinn af þjálfara eða stjórn kúbbs til þess að koma í svokallaðar æfingabúðir. Til þess að komast í verkefnið þurfa krakkarnir að standast ákveðnar lágmarkskröfur. Þau þurfa að æfa golf og vera með 24 eða lægra í forgjöf. Þessir einstaklingar myndu hittast eina helgi á ári og landsliðsþjálfari Gólfambands Íslands myndi vera yfir verkefninu með aðstoðarþjálfara til þess að taka þátt í framkvæmdinni. Þá myndu æfingar vera í tvo daga og einnig leiknir golfhringir. Þjálfarar gefa hverjum og einum umsögn um hvað sé gott og hvað mætti betur fara. Markmiðið er eins og áður sagði að auðvelda krökkum af landsbyggðinni að fá aukna þjálfun og efla þannig áhuga og ástundun þannig að þau trúi því að þau geti náð langt í íþróttinni.

---

<sup>1</sup> Frímánn Ari Ferdinándsson og Sigurður Magnússon, 1997

## ***Framkvæmd***

Við skipulagninu á verkefninu þyrfti bæði kostnaðaráætlun og dagskrá. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir 54 þátttakendum. Öllum golfklúbbum landsins yrði sent bréf um verkefnið (sjá bls. 13) Margir möguleikar eru til staðar hvað varðar staðsetningu svo fremi að svæðið standist þær aðstöðukröfur sem farið er fram á. Gerðar eru kröfur um gott driving range, stór púttflöt og 9-18 holu golfvöllur. Einnig þyrfti að vera til staðar veitingaaðstaða og gisting fyrir krakka og kennara.

Fjöldi kennara verður í samræmi við þátttöku. Þeirra hlutverk er að framkvæma þjálfun og æfingar. Þeir gefa hverjum og einum umsögn á sérstökum eyðublöðum (sjá bls. 10 - 12) um það sem betur má gera og hvernig best sé að æfa það. Hópnum er skipt í tvennt. Annar hópurinn spilar golf á meðan hinn æfir stutta og langa spilið. Svo er skipt eftir hádegi.

Hér að neðan má sjá lista yfir alla golfklúbba á Íslandi. Þeir klúbbar sem merktir eru með rauðum lit teljast ólíklegir til að senda þátttakendur í verkefnið. Með þessu fæst gróf áætlun um fjölda sem auðveldar gerð kostnaðaráætlunar.

## **Golfklúbbar á Íslandi**

**Höfuðborgarsvæðið:** GK-GKG-GKJ-GO-GOB-GR-GSE-GÁ-NK

**Reykjanesbær:** GG-GS-GSG-GVS

**Vesturland:** GB-GGB-GHF-GJÓ-GL-GMS-GSD-GSR-GST-GVG

**Vestfirðir:** GBB-GBO-GGL-GHÓ-GP-GÍ

**Norðvesturland:** GKS-GSK-GSS-GÓS

**Norðausturland:** GA-GH-GHD-GHV-GKM-GLF-GOG-GVF-GÓ

**Austurland:** GBE-GFH-GHH-GKD-GKF-GN-GSF

**Suðurland:** GD-GEY-GF-GHG-GHR-GKB-GKV-GLK-GOS-GOT-GV-GÁS-GÖ-GÚ-GP-GÞH

# Dagskrá

## *Föstudagur*

Allir hittast á rútustöð eða fyrirfram ákveðnum stað þar sem krakkarnir fara í rútur og keyra á áfangastað. Komið á áfangastað um kl. 12:00.

Hádegismatur til kl.13:00

Hópar fara á sínar stöðvar og gerð verður könnun á getu til kl. 15:00

Kaffi kl. 15:00

Áframhaldandi könnun á getu kl. 15:30

Kvöldmatur kl. 18:00

Farið yfir dagskrá morgundagsins kl. 20:00

Frjáls tími til kl. 22.00

Allir komnir í ró kl. 22.30

## *Laugardagur*

Fótaferðatími kl. 07:00

Morgunmatur kl. 07:30-08:30

Mæting á sínar stöðvar kl. 09:00

Matur kl: 12.00

Mæting á sínar stöðvar kl. 13.00

Kaffi kl. 16.00

Fyrirlestur afrekskylfings - spurt og svarað kl. 16.30

Matur kl. 18.00

Hópar fullklára atriði fyrir kvöldvöku kl.19.00

Kvöldvaka (U2 spilar) kl. 20.00

Allir í ró kl. 22.30

*Sunnudagur*

Fótaferðatími kl. 07.00

Morgunmatur kl.07.30

Föstudagskönnun endurtekin kl. 08:30

Kaffi kl. 09:30

Matur kl.12:00

Könnunum lokið kl. 13:00

Viðurkenningar veittar og heimferð hefst kl. 15:00

-----

## Kostnaðaráætlun

Hér er birt kostnaðaráætlun sem miðar við 54 þátttakendur.

### Breytilegur kostnaður v. þátttakenda

	Fjöldi	kostnaður á hvern þátttakanda	Samtals
*Flug Ísafjörður	3	15.580	46740
**Flug bíldudalur	2	24400	48800
*Flug Akureyri	7	15580	109060
*Flug Egilstaðir	13	17000	221000
***Akstur	29	5000	145000
Gisting	54	0	0
Morgunmatur	108	300	32400
Kaffi	216	300	64800
hádegismatur	162	800	129600
kvöldmatur	108	800	86400
Samtals			883800

\*Flug miðast við ferðir fram og til baka á ÍsÍ fargjaldi

\*\*flug miðast við ferðir fram og til baka með flugfélaginu Erni

\*\*\*meðalkostnaður fyrir þá sem nýta sér ekki flug.

### Fastur kostnaður

Völlur/aðstaða	1	300000	300000
Rúta frá BSÍ	34	2000	68000
Áhöld	1	100000	100000
Samtals			468000

### Breytilegur kostnaður vegna fulltrúa PGA/GSÍ á mann

Bensín			10000
Dagpeningar			30000
Laun			40000
Samtals			80000
Fjöldi kennara			5
Samtals			400000

### Innkoma

Áætlaður fjöldi nemenda	54
Þáttökugjald	28000
Samtals	1512000

Innkoma	1512000
Kostnaður	1751800
Samtals	-239800

## Lokaorð

Verkefni sem þetta mun hafa margvísleg jákvæð áhrif. Fyrir GSÍ og PGA skapar þetta jákvæða ímynd, sérstaklega ef fjölmiðlar veita þessu eftirtekt og gera verkefninu skil. Þetta eykur útbreiðslu golfsins, sérstaklega á landsbyggðinni.

Fyrir ungling utan að landi, sem kemur hugsanlega úr litlum klúbbi er þetta tækifæri til að ná miklum framförum. Þarna sér hann eða hún hvernig á að æfa sig og hvað maður þarf í raun að gera til að ná langt í íþróttinni. Þessir unglingar gætu þurft að fara að taka ákvörðun um hvaða íþrótt þau ætla að velja sem áhersluíþrótt til lengri tíma litið. Það þarf oft ekki nema einn frambærilegan til að hrífa með sér aðra í litlum klúbbum.

Verkefnið er kostnaðarsamt en hafa ber í huga að allur kostnaður dreifist jafn á nemendur hvaðan sem þeir koma. Mín tillaga er sú að klúbbar þeirra unglunga sem mæta taka þátt í kostnaði. Mín tillaga var 28.000 per nemanda.

Framkvæmdaraðilar verða að gera upp við sig hvort að auglýsendur komi að þessu að einhverju leiti eða styrktaraðilar.



## Heimildaskrá

Frímann Ari Ferdinandsson og Sigurður Magnússon. 1997. Íþróttir barna og unglunga. Oddi hf, Reykjavík. Sótt af

<http://www.isi.is/content/files/public/skjol/Fraedslurit%C3%8D%C3%BEr%C3%B3ttir%20barna%20og%20unglinga.pdf> þann 29 nóvember 2011

Flugfélagið Ernir ehf. 2011. Sótt af <http://ernir.ferdathing.is/clients/ernir/flug> þann 29 nóvember 2011.

Íþróttá og Ólympíusamband Íslands. 2011. Samningur milli Flugfélags Íslands (Fi) og íþróttá og ólympíusambands Íslands 2011 – 2012. Sótt af <http://isi.is/content/files/public/skjol/flugf%C3%A9lag%20%C3%8Dslands/Samningur%20vi%C3%B0%20Flugf%C3%A9lagi%C3%B0%202011.PDF> þann 29 nóvember 2011.

## Greining - sveifla

Nafn:

Kylfustaða:

Grip:

Boltastaða:

Stefna :

Uppstilling:

Æfingar:

Áherslur í æfingum:

Nafn þjálfara:

---

## Greining - pútt

Nafn:

Kylfustaða:

Grip:

Boltastaða:

Stefna :

Uppstilling:

Æfingar:

Áherslur í æfingum:

Nafn þjálfara:

## Greining - vipp

Nafn:

Kylfustaða:

Grip:

Boltastaða:

Stefna :

Uppstilling:

Æfingar:

Áherslur í æfingum:

Nafn þjálfara:

## Unglingagolf GSÍ og PGA

Til þess er málið varðar.

GSÍ og PGA eru nú að fara af stað með verkefni sem hefur það markmið að efla barna/unglingaþjálfun á landsbyggðinni og veita efnilegum kylfingum tækifæri á að sýna hæfileika sína.

Verkefnið gengur útá það að krakkar á aldrinum 12-14 ára hittist, kynnist, æfi og spili saman.

Það sem við viljum biðja þig um að gera að að tilnefna einn úr þínum klúbbi á þessum aldri sem hefur iðkað golf og er komin undir 24 í forgjöf.

Kostnaður:

Áætlaður kostnaður eru 28.000 kr sem við mælumst til með að klúbbarnir hjálpi til við að borga.

Inn í þessu gjaldi er allur kostnaður vegna æfingahelgarinnar.

Áætluð dagskrá er í meðfylgjandi skjali

Vinsamlegast gefið svar sem fyrst um hvort ykkar klúbbur sendi kylfing.

Síðasti skráningardagur er ?? ?? næstkomandi.

Kær kveðja

Skrifstofa GSÍ